

# Fundargerð 5. fundar

## Starfshópur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Haldinn kl. 13:30, þriðjudaginn 3. mars 2020 að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Margrét Vala Marteinsdóttir, Arnhildur Ásdís Kolbeins, Sjöfn Guðmundsdóttir deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð. Valdimar Víðisson og Árni Rúnar Þorvaldsson boðuðu forföll.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður fór yfir fundargerð síðasta fundar sem haldinn var þann 4. febrúar 2020. Fundargerðin samþykkt.

### 2. Útreikningar á tímargjaldi, yfirferð.

Sjöfn Guðmundsdóttir fór yfir fyrirleggjandi útreikninga. Jafnaðargjaldið er nú 4.289 kr. á tímann en það hækkaði skv. launavísitölu um síðustu áramót. Heimilt er að miða við launavísitölu við hækkanir á taxa.

### 3. Reglur, yfirferð.

Skerpa þarf á í reglunum varðandi það hvernig skilin eigi að vera á gögnum til sveitarfélagsins. Mikilvægt að það komi skýrt fram að skilin séu mánaðarlega. Einnig þarf að tilgreina taxtagreiðslur þ.e.a.s. upphæðir, við hvað er miðað við hækkanir o.fl. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að stofna sérstakt úthlutunarteymi fyrir NPA.

### 4. Úthlutunarteymi, umræða.

Rætt um þörf fyrir úthlutunarteymi vegna NPA samninga. Eins og verklagið er í dag þá afgreiðir stuðnings- og stoðþjónustudeild á vikulegum fundum umsóknir sem m.a. tengjast NPA samningum. Starfsmönnum falið að koma með tillögu.

### 5. Verklagsreglur, eftirfylgni með samningum.

Mikilvægt er að gögnum vegna reksturs sé skilað mánaðarlega. Lagðar verða upplýsingar fyrir fjölskylduráð varðandi samninga 2018 og 2019 og hver staðan er á þeim samningum varðandi skil á gögnum.

### 6. Önnur mál.

Farið yfir erindi dagsett 25. febrúar sl. frá notendum NPA þjónustu sem barst til bæjarstjóra. Krafist er úrbóta á reglum um NPA, samningsupphæðir, starfsmannamál, persónuvernd, unnið sé að úrbótum í fullu samráði við fatlað fólk o.fl. Starfshópurinn þakkar fyrir ábendingarnar og er nú þegar að vinna að þeim úrbótum sem nefndar eru í erindinu.

Fundi slitið kl. 14:30.

